



6. stjórnarfundur EBAK 11. janúar 2022 kl. 16.00

Mættir: Hallgrímur Gíslason, Torfhildur Þorgeirsdóttir, Birgir Svavarsson, Eva B Magnúsdóttir, Sigurður Harðarson, Helgi Aðalsteinsson, Friðrik Vagn Guðjónsson og Helga Eymundsdóttir.
Fjarverandi: Garðar Lárusson og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir.

1. **Fundarsetning** kl. 16:03.
2. **Fulltrúar uppstillinganefndar.** Gestur Jónsson, Snjólaug Sigurðardóttir, Þorgerður Þorgilsdóttir, Friðbjörg Finnsdóttir og Karl Erlendsson koma á fundinn. Minnt var á minnisblað fyrir nefndina. Farið yfir nöfn þeirra sem hætta í stjórn og nefndum og þær ábendingar sem borist hafa um nýtt fólk í nefndirnar. Ákveðið að auglýsa eftir fleiri sjálfboðaliðum í nefndastörf.
3. **Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð 5. fundar 15. desember 2021 var samþykkt.
4. **Viðvera.** Núverandi sóttvarnarreglur gilda í 3 vikur, til 2. febrúar 2022. Viðvera á skrifstofunni verður því ekki á þessum tíma.
5. **Næsti stjórnarfundur.** Þriðjudaginn 8. febrúar 2022 kl. 16:00.
6. **Starfið.**
 - **Félagsmiðstöðvarnar.** Lokaðar allavega til 2. febrúar 2022 vegna sóttvarnarreglna.
 - **Ringó.** Friðrik Vagn sagði frá stöðu mála og ákveðið var að fresta kynningu þar til aðstæður yrðu betri í þjóðfélaginu.
 - **Undirbúningur fyrir aðalfund.** Dreift var uppkasti að verkefnablaði. Farið var yfir hvað þarf að gera fyrir aðalfund sem fyrirhugað er að halda þann 29. marz nk. Spurning hvort þarf að breyta samþykktum vegna breyttrar dagskrár? Ekki var talin þörf á því.
7. **Félaga- og greiðslukerfi Abler.** Hallgrímur og Torfhildur kynntu fyrir okkur nýtt félaga- og greiðslukerfi (ABLER) sem EBAK stendur til boða að taka upp. Þau munu verða á Zoom fundi með Steinunni hjá LEB miðvikudaginn 12. janúar sem mun fara yfir hvernig kerfið virkar og svara spurningum sem þau voru búin að senda henni.
8. **Bókhald EBAK.** Rætt var um hvort EBAK ætti að færa bókhald sitt sjálf og þá hvaða kerfi ætti að nota, ekkert var ákveðið í því máli bara umræða.
9. **Húsnæðismál – Búfesti.** Áætlaður fundur með Búfesti 14. janúar.
10. **Önnur mál.**
 - **Stólar:** Hallgrímur sagði frá því að það væri verið að skipta alveg um stóla og borð uppi í Sölku. Bjarki væri líka að kaupa 40-50 (Sýrus) stóla í Birtu. Spurning hvað viljum við gera við þá stóla sem EBAK á þar? Ekkert var ákveðið að svo stöddu og eru menn að hugsa hvað gera skal.
 - **Göngur:** Erindi frá Bjarka – Getum við tekið að okkur stuttar göngur frá Birtu og Sölku? Ákveðið var að ekki væri gott að standa fyrir gönguferðum á þessum árstíma.
 - **Sveitarstjórnarkosningar:** Rætt var um hvað við gætum gert til að koma okkar skoðunum og vilja á framfæri til verðandi bæjarfulltrúa. Meðal annars hvort hægt væri að fá efstu menn á lista til að mæta á almennan fund hjá EBAK.
 - **Póstkassi og lyklabox.** Áður hefur komið til tals að fá póstkassa í Birtu en ekkert hefur gerst. Einnig var rætt um nauðsyn þess að fá lyklabox. Formanni falið að ræða málið við Bjarka.
11. **Fleira ekki tekið fyrir og fundi því slitið** kl. 18:00.

Birgir Björn Svavarsson ritaði fundargerð.